

Fundargerð viðburða- og menningarmálanefndar.

Fundur nr. 18

Opinn fundur haldinn 1. júlí 2019 í Ásgarði

Mætt Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, Einar Tönsberg ásamt Sigríði Klöru Árnadóttur og fleiri gestum.

Fundur settur kl. 20

Sveitahátíðin Kátt í Kjós verður haldin laugardaginn 20. júlí í þrettánda sinn. Fjöldmargir áhugaverðir staðir hafa boðið gesti hátíðarinnar velkomna síðustu ár og var þeim sem vilja taka þátt í ár boðið á fund mánudaginn 1. júlí kl. 20 í Ásgarði. Rætt var um fyrirkomulag hátíðarinnar í ár og markmið, sem er m.a. að vekja athygli á og efla umræðu um sveitamenningu í samfélaginu. Tíu manns voru á fundinum, og ýmsar hugmyndir voru ræddar varðandi skipulagningu Kátt í Kjós.